



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST

Ársskýrsla

2021





SAMVINNA


FRUMKVÆÐI

ÁBYRGÐ

Ávarp rektors

Árið 2021 var Háskólanum á Bifröst gott. Þetta var ár nýrrar stefnu, mikils gæðastarfs og mannaáðninga. Nemendur hafa aldrei verið jafn margir við skólann, skólinn hefur aldrei skilað jafn miklum rekstrarafgangi og vinna við langþráð viðhald og niðurgreiðsla skulda gat loks hafist. Þá sýndi sig að Háskólinn á Bifröst er orðinn að eftirsóttum vinnustað; vinnustað þar sem fólki líður vel og sækist eftir að verða hluti af. Endurspegladist það m.a. í fjölda umsókna um þau störf sem auglýst voru laus til umsóknar við háskólann.

Námsframboð var aukið og nemendum skólans fjölgaði mikið. Aðsókn að Háskólanum á Bifröst var einstök á árinu 2021. Alls voru 1265 nemendur við skólann og má sjá þá fjölgun sem átt hefur sér stað á undanförunum misserum í töflunni hér að neðan.



Hagnaður af rekstri Háskólans á Bifröst á árinu 2021 var 191,7 m.kr. samanborið við 96,4 m.kr. árið 2020. Eigið fé í árslok 2021 var jákvætt um 138,2 m.kr. en það var neikvætt um 53 m.kr. árið 2020 og 150 m.kr. árið þar á undan. Stór skref hafa verið stigin til þess að ná stöðugleika í fjármálum skólans. Svigrúm hefur myndast til niðurgreiðslu skulda, fjárfestinga, átaks í viðhaldi og endurbótum eigna.

Framlag ríkisins til skólans nam 662,5 m.kr. sem er hækkun um rúmlega 22% eða 121,8 m.kr. frá árinu á undan. Þá var framlagið 540,7 m.kr. Þó ber þess að geta að um sérstök fjárframlög var að ræða vegna COVID-19 sem ekki er rétt að gera ráð fyrir í framtíðinni.

Tekjur af skólagjöldum námu 601,1 m.kr. á árinu 2020 og hækkuðu frá 520 m.kr. frá fyrra ári. Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliður skólans. Hækkun launakostnaðar um 136 m.kr. á milli ára stafar m.a. af auknum nemendafjölda, markvissri fjölgun fastra akademískra starfsmanna, nýjum stöðugildum í stjórnarsýslu og starfsmannaveltu. Fjármálastjórn skólans hefur verið í sérlega öruggum höndum Hafsteins Sæmundssonar sem lét af störfum í árslok.



Þó að COVID-19 hafi reynst öllum áskorun þá mótaði farsóttin sérstöðu Háskólans á Bifröst. Viðbrögð háskólans í faraldrinum voru fumlau og hafði ástandið í þjóðfélaginu afar lítil áhrif á skólastarfið. Háskólinn á Bifröst tryggði sess sinn í stafrænni miðlun háskólanáms á Íslandi þar sem háskólinn hefur á að skipa kennurum sem hafa áralanga reynslu af fjarkennslu, vilja stunda fjarkennslu og eru góðir í henni. Því er óhætt að fullyrða að heimsfaraldurinn hafi verið lyftistöng fyrir fjarnám sem öðlaðist verðskuldaða viðurkenningu á æðsta menntastigi.

Á haustönn 2021 voru flestir nemendur skólans búsettir annars staðar en á Bifröst. Nemendur koma víða að og er hlutfallsleg skipting búsetu þeirra áþekkt því sem almennt gildir meðal þjóðarinnar. Jafnan er nokkur hópur nemenda búsettur erlendis enda er fjarnám kjörið fyrir afreksíþróttafólk og þá sem þurfa eða vilja sveigjanleika á háskólanámi. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að hann komi til nemandans en ekki að nemandinn komi til skólans. Nemendur skólans eiga að geta stundað námið að mestu óháð því að þurfa að festa sig á einhverjum tilteknum stað að stuttum staðlotum undanskildum og lokaprófum. Háskólanum hefur tekist vel að aðgreina sig og skilgreina sérstöðu sína meðal íslenskra háskóla sem fremstan í fjarnámi.

Meðalfjöldi starfsmanna miðað við heilsársstörf var 48,3 á árinu 2021 en var 41,8 á árinu 2020. Lengi hafði verið þörf á að fjölga föstum stöðum akademískra starfsmanna þannig að fleiri námskeið væru kennd af föstum kennurum og rannsóknarvirkni yrði meiri. Var á árinu 2021 fjölgað í öllum þremur deildum. Ráðinn var deildarforseti viðskiptadeildar, Dr. Stefan Wendt. Hann fékk til liðs við deildina þau dr. Erlend Inga Jónsson, Hönnu Kristínu Skaptadóttur og dr. Vífil Karlsson. Félagsvísindadeild réði dr. Ásthildi Elvu Bernharðsdóttur dósent til að veita nýju námi í áfallastjórnun forstöðu. Loks bætti lagadeild stöðu sína með því að ráða inn í hlutastörf þær Björgu Valgeirsdóttur, Diljá Helgadóttur, Elínu Blöndal, Ernu Sigurðardóttur og Krístrunu Heimisdóttur.

Þá var sett á laggirnar hálf staða rannsóknastjóra við Háskólann á Bifröst og var Helga Ólafs ráðin rannsóknastjóri. Hulda Dóra Styrmsdóttir tók jafnframt við starfi mannauðsstjóra og var starfshlutfallið við það tækifæri aukið úr 30% í 50%. Ákveðið var að halda starfi gæðastjóra í 100% og var Lydía Geirsdóttir ráðin til að gegna því. Anna Jóna Kristjánsdóttir var ráðin inn sem forstöðumaður háskólagáttar og símenntunar, nú Endurmenntunar Háskólans á Bifröst og Helga Guðrún Jónasdóttir var ráðin í starf samskiptastjóra. Lítilsháttar mannabreytingar urðu í viðhaldsdeild og þjónustu, en Guðjón F. Guðbjörnsson var settur yfir viðhaldsdeildina.

Gæðamál voru í brennidepli á árinu. Gæðaúttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla frá 2021 stendur enn yfir. Á vordögum skilaði Háskólinn á Bifröst af sér skýrslu um þau atriði sem úttektarteymið taldi að betur mættu fara. Þá var innleiðingu gæðakerfis haldið áfram samkvæmt áætlun. Má þar fyrst nefna nýja stefnu Háskólans á Bifröst, sem var m.a. aðgerða sett í myndrænt form af Rán Flygenring. Þá voru mannauðsmálin áberandi eins og áður nefndar ráðningar eru til vitnis um. Starf fagstjóra yfir sérhverri námslínu var innleitt, en fagstjórar hafa eftirlit með námslínunum og fá tölfraðilegt yfirlit yfir stöðu námslínunnar tvisvar á ári. Síðast en ekki síst var ráðgjafanefnd Háskólans á Bifröst stofnuð, en hana skipa aðilar úr atvinnulífinu, sem njóta virðingar á fræðasviðum háskólans.

Þá var BS nám í viðskiptafræði borið saman við sambærilegt nám í öðrum háskólum á Íslandi en það er hluti að viðmiðunarstefnu Háskólans á Bifröst. Eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á deildinni er óhætt að segja að hún standi vel að vígi í samanburði við viðskiptadeildir annarra háskóla á Íslandi.





Hluti af viðmiðunarstefnu Háskólans á Bifröst var að bera stjórnýslu Háskólans á Akureyri saman við sína og hélt kennsluvið norður í heimsókn. Kennarar og nemendur mynduðu samstarfsnefnd sem fjallaði um staðlotur skólans og tryggir niðurstaða nefndar samræmda hugtakanotkun í þessum efnunum. Allt þetta starf miðar að því að styðja við gæðakerfi Háskólans á Bifröst sem samanstendur af fjórum þáttum: Handbókinni Nám og Kennsla, Gæðahandbók, Mannauðshandbók og Alþjóðahandbók, en unnið var að endurskoðun á þeim öllum á árinu. Hefur hlutfall kennara með doktorspróf aldrei verið jafn hátt og nú.

Háskólinn á Bifröst á allt hlutafé í fasteignafélaginu Kiðá ehf. sem á og rekur nemendagarða staðarins. Kiðá ehf. hefur átt í rekstrarerfiðleikum og er með neikvætt eigið fé. Samningar við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins létu á rekstrinum með sölu 30 íbúða. Eftir er að selja aðrar 14. Vonandi leiðir það til sjálfbærni í rekstri fasteigna á Bifröst og er það mikið gleðiefni. Háskólinn á Bifröst ber ekki aðra fjárhagslega ábyrgð á rekstri félagsins en sem svarar því hlutafé sem lagt hefur verið til þess.

Nýjum rektor hafa fylgt nýjar áherslur. Að baki er krefjandi ár en jafnframt gefandi þar sem stjórnendur og starfsfólk hafa náð sameiginlegum takti, takti sem hefur sýnt sig að nær árangri. Háskólinn á Bifröst býr við mikinn og samstilltan mannauð og mikinn velvilja í þjóðfélaginu. Þá tel ég mig vera lánsama að vinna með samhentri stjórn og að öðrum ólöstuðum vil ég þakka Leifi Runólfssyni alúð og stuðning. Menntamálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, hefur sýnt skólanum hlýhug með verkum sínum og greitt götu hans með farsælum ákvörðunum, auk þess sem skólinn hefur notið mikils velvilja frá þingmönnum Norðvesturkjördæmis.

Nú stendur háskólinn traustum fótum og á bjarta framtíð fyrir sér. Starfsmönnum öllum þakka ég góð og fagleg samskipti, hlýhug til Háskólans á Bifröst og ósérhlífni í vinnu. Ég hlakka til að takast á við spennandi verkefni ársins 2022.

Aðalfundur

Aðalfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2020 var haldinn 27. maí 2021 á Bifröst. Dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi skólans árið 2020. Ársreikningur 2020 var lagður fram til kynningar og var hann samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага Háskólans á Bifröst. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár var kynnt. Löggiltur endurskoðandi skólans KPMG var kjörinn. Kosið var í fulltrúaráð og stjórn skólans.

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst

Háskólaráð Háskólans á Bifröst, Borgarbyggð, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra samvinnufélaga og Hollvinasamtök Háskólans á Bifröst skipa fulltrúaráð og stjórn háskólans. Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár. Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara. Hver þessara aðila tilnefnir þrjú fulltrúa og einn til vara.

Í fulltrúaráði sátu eftirtaldir fulltrúar:

Fyrir Borgarbyggð:

aðalmaður: Magnús Smári Snorrason
aðalmaður: Lilja Björg Ágústsdóttir
aðalmaður: Guðveig Eyglóardóttir
varamaður: Friðrik Aspelund

Fyrir Hollvinasamtök Bifrastar:

aðalmaður: Andri Björgvin Arnþórsson
aðalmaður: Halldór Þorsteinsson
aðalmaður: Tryggvi Haraldsson
Varamaður: Gauti Skúlason

Fyrir Háskólaráð Háskólans á Bifröst:

aðalmaður: Sigrún Lilja Einarsdóttir
aðalmaður: Helga Kristín Auðunsdóttir
aðalmaður: Ragnheiður I. Sigurgeirsdóttir
varamaður: Hlynur Finnbogason

Fyrir Samband íslenskra samvinnufélaga:

aðalmaður: Reimar Marteinnsson
aðalmaður: Ólafur Sigmarsson
aðalmaður: Sigurbjörn Gunnarsson
varamaður: Hannes Karlsson

Fyrir Samtök atvinnulífsins:

aðalmaður: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
aðalmaður: Heiðrún Björk Gísladóttir
aðalmaður: Tryggvi Másson
varamaður: Gunnur Líf Gunnarsdóttir



Stjórn Háskólans á Bifröst

Stjórn Háskólans á Bifröst er skipuð fimm einstaklingum tilnefndum til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtökum atvinnulífsins. Þrír aðalmenn í stjórn eru tilnefndir annað hvert ár, en tveir aðalmenn í stjórn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti.

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af lög-giltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum. Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

Stjórn háskólans á Bifröst skipuðu:

Fyrir Borgarbyggð:

Aðalmaður: Inga Dóra Halldórsdóttir

Varamaður: Sigurður Guðmundsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalmaður: Marteinn Jónsson

Varamaður: Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Frá Háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalmaður: Auður H. Ingólfssdóttir

Varamaður: Signý Óskarsdóttir

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalmaður: Gunnar Egill Sigurðsson

Varamaður: Guðsteinn Einarsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:

Aðalmaður: Leifur Runólfsson, formaður

Varamaður: Hallur Jónasson

Háskólaráð Háskólans á Bifröst

Háskólaráð er ráðgefandi í málum Háskólans á Bifröst. Þar sitja rektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrjú fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefndir, einn fulltrúi annarra starfsmanna háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrjú nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda Háskólagáttar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum. Rektor er heimilt að bjóða fleiri aðilum seturétt í háskólaráði eftir því sem þurfa þykir. Þessir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Gæðastjóri, fjármálastjóri og fulltrúi íbúaráðs sitja að öllu jöfnu fundi háskólaráðs. Háskólaráð fundar að jafnaði mánaðarlega yfir skólaárið. Fundargerðir ráðsins eru birtar á vef skólans.

Stjórn háskólaráðs skipuðu:

Aðalmenn:

Rektor

Margrét Jónsdóttir Njarðvík

Framkvæmdastjóri kennslu- og þjónustu

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Fulltrúi starfsmanna

Jóhanna Marín Óskarsdóttir

Fulltrúar kennara

Arney Einarsdóttir

Einar Svansson

Sævar Finnbogason

Fulltrúi meistaranema

Erla Björg Eyjólfsdóttir

Fulltrúar grunnnema

Egill Örn Rafnsson

Kara Friðriks

Hlynur Finnbogason

Ragnheiður I. Sigurgeirsdóttir

Fulltrúi Háskólagáttarnema

Enginn tilnefndur

Áheyrnafulltrúar í Háskólaráði

Fjármálastjóri

Hafsteinn Sæmundsson

Fulltrúi íbúaráðs

Vignir Már Sigurjónsson

Sérstakt fundarboð

Gæðastjóri

Lydía Geirsdóttir

Staðgengill rektors

Njörður Sigurjónsson

Varamenn

Fulltrúi starfsmanna

Sólveig Hallsteinsdóttir

Fulltrúar kennara

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir

Helga Kristín Auðunsdóttir

Kári Joensen

Fulltrúi meistaranema

Enginn tilnefndur

Fulltrúi grunnnema

Júlíus Andri Þórðarson

Fulltrúi Háskólagáttarnema

Enginn tilnefndur





Ráðgjafanefnd Háskólans á Bifröst

Ráðgjafanefnd er stjórnendum háskólans til ráðgjafar á helstu fræðasviðum hans. Nefndin var sett á stofn árið 2021. Hana skipa:

Tómas Sigurðsson, forstjóri HS Orku

Ingibjörg Jónsdóttir, eigandi Berg Contemporary

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómsstjóri


Dr. Ásta Bjarnadóttir, skrifstofustjóri á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar

Eygló Harðardóttir, sérfræðingur hjá Ríkislögreglustjóra og fyrrverandi ráðherra

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtökum verslunar og þjónustu

Dr. Jón Ormur Halldórsson, stjórn málafræðingur

Þórður Freyr Sigurðsson, Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi



Jafnréttisnefnd


Jafnréttisnefnd er kjörin af háskólaráði eftir tilnefningum og skulu þar sitja þrjú aðilar, einn fulltrúi starfsfólks, einn fulltrúi nemenda og formaður, tilnefndur af rektor. Jafnréttisnefndina skipuðu Steinunn Stefánsdóttir, formaður, tilnefnd af rektor, Sólveig Hallsteinsdóttir, fulltrúi starfsmanna og voru Helga Sigurlína Halldórsdóttir og Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúar nemenda til skiptis.

Í september tók Helga Guðrún Jónasdóttir við formennsku af Steinunni Stefánsdóttur. Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir var skipuð fulltrúi starfsmanna og Erla Björg Eyjólfsdóttir, fulltrúi nemenda. Jafnréttisnefnd Háskólans á Bifröst fylgist með framgangi jafnréttisáætlunar háskólans og gerir grein fyrir störfum sínum með skýrslu til rektors og háskólaráðs fyrir lok febrúar ár hvert. Skýrsla nefndarinnar skal gerð samhliða reglubundinni rýningu stjórnenda vegna jafnlaunavottunar.

Þá hefur nefndin umsjón af hálfu Háskólans á Bifröst með undirbúningi fyrir Jafnréttisdaga, skipar samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna og hefur frumkvæði að fræðslu um jafnréttismál innan háskólans.

Á árinu 2021 voru haldnir fjórir fundir í jafnréttisnefnd. Lokið var m.a. við reglubundna endurskoðun jafnréttisáætlunar og verklagsreglur vegna viðbragðsáætlunar. Formaður nefndarinnar sótti af hálfu Háskólans á Bifröst samráðsfundi jafnréttisfulltrúa háskólanna og tók á þeim vettvangi þátt í undirbúningi jafnréttisdaga 2022.

Skipurit Háskólans á Bifröst





Akademísk starfsemi

Félagsvísindadeild

Árið 2021 stóð félagsvísindadeild aftur ein og óstudd eftir fjögurra ára samband við lagadeild. Árið einkenndist af endurnýjuðum þrótti, spennu og fiðringi. Nemendum fjölgaði í námslínunum deildarinnar og hafa aldrei verið fleiri, nýir starfsmenn bættust í hópinn og ný námsbraut, áfallastjórnun, fór af stað með miklum glæsibrag. Þá var innleitt nýtt kerfi fagstjórnar þar sem hver lína deildarinnar hefur ákveðinn fagstjóri sem leiðir starf og hug. Deildarforseti félagsvísindadeildar er Dr. Njörður Sigurjónsson prófessor en í deildarráði í lok árs 2020 sátu auk Njarðar, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir fyrir hönd kennara og Ársæll Níelsson, nemandi í skapandi greinum. Árið 2021 störfuðu í deildinni 8 fastráðnir kennarar í sjö stöðugildum, fjórar konur og fjórir karlar.

Grunnnám

BA línur í miðlun og almannatengslum, í opinberri stjórnsýslu og í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS). Aðsókn í nám í miðlun og almannatengslum haustið 2021 var mjög góð svo og í HHS og skapandi greinar. Námslínurnar eru að stærstum hluta til samþættar og styðja við hvor aðra auk þess að fléttast saman við námsbraut í opinberri stjórnsýslu. Aðsókn í nám í opinberri stjórnsýslu hélst stöðugt en fyrsti hópurinn í diplómanámi í opinberri stjórnsýslu, sem hóf nám haustið 2017, útskrifaðist vorið 2020. Á árinu 2021 var unnin gæðaúttekt á HHS náminu. Í gæðamatshópnum voru í forsvari Magnús Árni Skjöld Magnússon fagstjóri og Sævar Finnbogason aðjúnt.

Nýsköpun í grunnnámi – BA í skapandi greinum

Haustið 2020 var farið af stað með nýtt diplómanám í skapandi greinum og hefur aðsókn frá upphafi sýnt og sannað hversu mikil þörf er fyrir það. Frá haustinu 2021 var námið stækkað enn og boðið upp á skapandi greinar til BA gráðu sem gerir nemendum kleift að bæta enn við menntun sína á sviðinu. Námið í skapandi greinum er á grunnstigi sem veitir nemendum menntun og þjálfun til að starfa í þessum vaxandi atvinnuvegi eða hafa áhuga á að leggja fyrir sig rannsóknir sem tengjast skapandi greinum.

Meistaránám

Tvær námsbrautir eru nú kenndar á meistarastigi í félagsvísindadeild. Aðsókn að meistaránámi í menningarstjórnun hefur sjaldan verið betri en 16 ár eru nú síðan námið hóf göngu sína. Boðið er uppá tvær áherslulínur; annars vegar 90 ECTS MA-gráðu sem nemendur ljúka með því að skrifa 30 ECTS lokaritgerð og hins vegar 90 ECTS MCM-gráðu (Master of Cultural Management) með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf þar sem nemendur vinna 12 ECTS hagnýtt lokaverkefni. Námslínur í menningarstjórnun eru í stöðugri endurskoðun og hefur áherslan verið m.a. á að auka við stjórnunar og nýsköpunarþátt námsins. Nemendur sem lokið hafa meistaránámi í menningarstjórnun starfa víða innan menningargeirans á Íslandi í dag, og þá einkum við skapandi miðlun og stjórnunarstörf.

Nýtt meistaránám í áfallastjórnun fór vel af stað á haustönn 2021 og snýr að forvörnum og viðbúnaði, viðbrögðum, lærdómi og endurreisn vegna áfalla. Á síðastliðnum áratugum hafa fyrirtæki, stofnanir og jafnvel heilu samfélögin þurft að glíma við sífellt flóknari áföll, m.a. vegna þróunar byggða, loftlagsáhrifa, aukinnar alþjóðavæðingar og aukinna samskipta fólks. Náttúruhamfarir, efnahagsáföll, stríð, hryðjuverk og faraldrar eru meðal þeirra áfalla sem hafa verið mest krefjandi í heiminum á þessu tímabili.

Áfallastjórnun er ung fræðigrein í örum vexti og hefur þegar skilað betri innsýn til þeirra stjórnenda og stefnumótenda sem með tileinkun á nýrri þekkingu og þjálfun skilar markvissari áfallastjórnun. Auk félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst koma að náminu Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Rauði krossinn á Íslandi, Samband íslenskra sveitarfélaga og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Háskólinn á Bifröst er eini háskólinn sem býður uppá námslínu í áfallastjórnun og dýrmætt að vera í samvinnu við helstu viðbragðsstofnanir samfélagsins.

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Árið 2021 var ár mikilla rannsóknarvirkni á meðal akademískra starfsmanna í félagsvísindadeild. Afraksturinn birtist m.a. í greinum og bókarköflum og þátttöku fjölmargra í ráðstefnum, bæði heima og erlendis. Nokkrir af okkar akademísku starfsmönnum voru áberandi í umfjöllunum bæði innlendra og erlendra fjölmiðla, einkum á sviði stjórn málafræði, skapandi greina og áfallastjórnunar. Af helstu afrekum á sviði rannsókna má nefna eftirfarandi:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, forsætisráðuneytið og Háskólinn á Bifröst gerðu 2021 með sér samning um undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina (RSG) við Háskólann á Bifröst. Undirbúningurinn verður unninn í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Samtök skapandi greina. Verkefnið er leitt af öflugum fagstjóra skapandi greina við Háskólann á Bifröst, Önnu Hildi Hildibrandsdóttir, en auk þess sitja í stjórn verkefnisins Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Valgerður G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar. Laufey og Valgerður sitja í stjórninni fyrir hönd Samtaka skapandi greina.

Við Rannsóknasetur í menningarstjórnun er unnið að rannsóknum á sviði menningarstjórnunar, menningarhagfræði, félagsfræði menningar og menningarfræða. Setrið var sett á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Tilgangur þess var að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Umsjónarmenn setursins eru dr. Njörður Sigurjónsson prófessor og dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir dósent og stunda þau bæði rannsóknir tengdar setrinu.

Dr. Njörður Sigurjónsson, prófessor í menningarstjórnun, birti á árinu 2021 greinar í bæði alþjóðlegu og innlendu ritum auk þess að eiga kafla í bók gefinni út hjá Routledge forlaginu.

Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent í menningarstjórnun, hefur stundað rannsóknir á leiðtogaþæfni norrænna kvenna í tengslum við verkefnið Nordic Female Leadership (í samvinnu við Einar Svansson), The English Female Chorister (í samvinnu við Graham Welch og Evangelos Himonides, Institute of Education, University College London) og The Identity of the Middle Voices (í samvinnu við Pedro Santos Boia, Polytechnic University of Porto). Þá er hún þátttakandi (í samvinnu við Arneyju Einarsdóttur og Helgu Ólafs) í fjölþjóðlega rannsóknarverkefninu Týndu aldamótakynslóðinni. Verkefnið lýtur að rannsóknum á vinnumarkaðstengdum aðgerðum og stuðningi sem hvatt getur ungt fólk á aldrinum 25-29 ára til fullrar virkni.

Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, stundar sín fræði á alþjóðavettvangi og er virkur þátttakandi í fjölmörgum alþjóðlegum rannsóknahópum. Hann hefur sent frá sér fjölda bóka og fræðigreina á sínu fagsviði sem jafnan vekja mikla athygli. Útgefandi hans er Palgrave Macmillan en á árinu kom út bók hans Þjóðarávarpið hjá Forlaginu. Eiríkur er enn fremur reglulegur álitsgjafi fjölmiðla í umfjöllunum um málefni líðandi stundar varðandi stjórnmál og efnahagsmál, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir var ráðin fagstjóri náms í áfallastjórnun við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst. Doktorsverkefni hennar var á sviði áfallastjórnunar (Culture and Crisis Management. How Culture Influences the Behavior of Decision Makers in Crisis Preparedness and Response). Ásthildur leiðir nefnd á vegum forsætisráðuneytis um áfallastjórnun á tímum Covid faraldursins en undanfarin ár hefur hún sinnt rannsóknum og kennslu á Íslandi, í Svíþjóð, Bandaríkjunum og Japan.

Rannsóknir Dr. Magnúsar Árna Skjöld Magnússonar dósentis á þeim hluta Alheimsins sem ekki tilheyrir Jörðinni vöktu athygli á árinu, en „geimurinn“ er vaxandi hátækniatvinnugrein sem veltir á ári hverju þúsundum milljóna Bandaríkjadala. Magnús Árni hefur verið að skoða þau sóknarfæri sem Íslendingar hafa innan þessa nýja hagkerfis, sem eru bæði mörg og áhugaverð. Þannig felast efnahagslegir hagsmunir felast í geimnum, m.a. á hagnýtingu á sporbaugi jarðar og námavinnslu á loftsteinum, á tunglinu og víðar í „nágrenni“ jarðar. Þá hafa komið fram hugmyndir um tunglið sem miðstöð til að vinna sólarorku, enda er þessi fylgihnöttur okkar baðaður að hluta til í stöðugu sólarljósi.

Dr. Francesco Macheda er dósent í stjórnmálahagfræði. Rannsókná hugamál hans liggja á sviði hagvaxtar og þróunar, „structural change“ og tækniþróunar og alþjóðastjórnmálahagkerfis sérstaklega rannsóknum tengdum efnahagslegri þróun, vísindalegri nýsköpun og viðskiptasamböndum á milli Kína, Evrópu og Norður-Ameríku. Í Kína hélt hann tvo opinbera fyrirlestra um efnahagsþróun Kína og hlutverk ríkisfyrirtækja í baráttu Kína gegn Covid-19. Seint á árinu 2020 hóf dr. Macheda nýtt rannsóknarverkefni sem bar yfirskriftina „The Role of the Public Sector in the Process of Development: Lessons from East Asia“ í samvinnu við fræðimenn frá Kína, Ítalíu, Rússlandi og Kanada.

Lagadeild

Árið 2021 var fyrsta starfsár lagadeildar eftir að tekin hafði verið ákvörðun um rekstur hennar sem sjálfstæðrar deildar á ný eftir fjögurra ára samrekstur félagsvísinda- og lagadeildar. Unnið var að undirbúningi aðskilnaðar á vormánuðum og tók deildin til starfa sem sjálfstæð eining á haustmisseri. Deildarforseti lagadeildar er Elín H. Jónsdóttir. Í deildarráði í lok árs 2021 sátu Elín H. Jónsdóttir, Erna Sigurðardóttir og Thelma Theódórsdóttir, nemandi í grunnnámi í viðskiptalögfræði. Í deildinni störfuðu í lok árs 9 fastráðnir kennarar í rúmlega 5 stöðugildum, tveir karlar og 7 konur, auk stundakennara, en deildin var styrkt á árinu með fastráðningum 5 kennara í 2 stöðugildi frá og með haustmisseri. Það voru þær Björg Valgeirsdóttir, Diljá Helgadóttir, Elín Blöndal, Erna Sigurðardóttir og Kristrún Heimisdóttir.

Skólaárið 2021 – 2022 hófst venju samkvæmt með móttöku nýnema í ágúst þar sem áherslur námsins, kennslufyrirkomulag og kennsluaðferðir voru kynntar. Enn setti heimsfaraldur Covid nokkuð mark sitt á starfseminu þar sem fresta þurfti viðburðum og taka ákvarðanir um kennslu í staðlotum með tilliti til útbreiðslu veirunnar, en kennsla varð þó ekki fyrir neinum áhrifum af þessu. Í desember var haldið upp á tuttugu ára afmæli lagakennslu við Háskólann á Bifröst, en háskólinn varð fyrstur til þess að bjóða upp á kennslu í lögfræði utan HÍ. Afmælinu var fagnað með veglegu málþingi á Bifröst sem helgað var minningu Ólafar heitinnar Nordal sem var fyrsti deildarforseti lagadeildarinnar. Auk minningarávarps sem þau Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra, og Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, héldu var fjallað um laganám á Íslandi í víðum skilningi.

Á skólaárinu 2021-2022 voru í boði eins og verið hefur ein námsbraut í grunnnámi, tvær í meistaranámi og tvær diplómur.

Grunnnám

BS í viðskiptalögfræði

Háskólinn á Bifröst hefur frá upphafi laganáms við háskólann fyrir tuttugu árum boðið upp á nám til BS gráðu í viðskiptalögfræði og var fyrstur skóla til að bjóða upp á þverfaglegt nám þessara greina. Byrjað var að kenna viðskiptalögfræði í fjarnámi haustið 2015. Boðið er upp á BS í viðskiptalögfræði með vinnu sem hefur mælst sérstaklega vel fyrir. Aðsókn í grunnnám í viðskiptalögfræði var góð haustið 2021.

Meistaránám

Sú breyting varð á námskeiðum á meistarastigi í lögfræði á árinu að námskeið sem að jafnaði höfðu verið 5 ECTS voru stækkuð í 6 ECTS. Hést þetta í hendur við töluverða endurskoðun á innihaldi náms í MBL námslínunni og var gert til samræmis við annað framhaldsnám við háskólann.

ML í lögfræði

Nemendum sem hafa grunngráðu í lögfræði býðst að ljúka fullnaðarprófi með ML gráðu (Master of Law) í lögfræði. Námslínan er sniðin að þörfum þeirra sem lokið hafa BS í viðskiptalögfræði við háskólann og vilja halda áfram námi sínu með áherslu á dóms- og réttargæslukerfið. Náminu lýkur með 30 ECTS ritgerð.



MBL í viðskiptalögfræði

Námslína í meistaranámi í viðskiptalögfræði (Master of Business Law) fór af stað í janúar 2017. Um er að ræða 90 ECTS gráðu án meistararitgerðar. Umtalsverð endurskoðun átti sér stað á námskeiðaframboði námslínunnar fyrir haustið 2021 þar sem skerpt var á viðskiptalögfræðiáherslum námsins og boðið var upp á tvö námskeið, inngang að lögfræði og almennan félagarétt, sem sérsniðin eru að þeim mörgu nemendum sem ekki hafa grunnmenntun í lögfræði. Þá var boðið upp á ný námskeið í fjármálamarkaðsrétti I og II og persónuvernd og upplýsingaöryggi.

Diplómanám á meistarastigi í lögfræði

Boðið var upp á tvenns konar diplómagráður á meistarastigi í lögfræði. Diplómanám í fyrirtækjalögfræði er 30 ECTS nám á meistarastigi sem miðar að því að þjálfa nemendur í hagnýtum og fræðilegum þáttum er lúta að lagalegum hliðum í viðskipta- og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Diplómanám í samningatækni og sáttamiðlun er sömuleiðis 30 ECTS nám sem miðar að því að kenna nemendum hagnýtar aðferðir í samningatækni og sáttamiðlun. Námið veitir stjórnendum verkfæri til að takast á við erfið samskipti og leysa úr deilumálum.

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Árið 2020 var ár vaxandi rannsóknarvirkni á meðal akademískra starfsmanna í lagadeild. Afraksturinn birtist m.a. í greinum og þátttöku í ráðstefnum, auk þess sem Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor lauk á árinu doktorsprófi frá Fordham háskóla í New York.

Diljá Helgadóttir lektor sinnti kennslu við lagadeild og tók þátt í starfi og þróun deildarinnar. Diljá leiddi hóp um rannsóknir þar sem áhersla var lögð á að innleiða nýjan heimildaskráningarstaðal, OSCOLA. Til viðbótar við kennslu við Háskólann starfar Diljá sem lögfræðingur á Bandarísku lögmannsstofunni Milbank LLP með aðsetur í London.

Elín Blöndal, dósent og skrifstofustjóri á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar, sinnti kennslu og tók þátt í starfi og þróun deildarinnar. Á árinu vann hún m.a. að endurúrgáfu (4. útg.) á bókinni *Labour Law in Iceland*, sem gefin er út af Wolters Kluwer og sat í grænbókarnefnd forsætisráðherra um framtíðarumhverfi vinnumarkaðarins.

Elín H. Jónsdóttir deildarforseti sinnti kennslu við laga- og viðskiptadeild og leiddi þróun og starf deildarinnar. Hún hlaut á árinu styrk úr rannsóknarsjóði Háskólans á Bifröst vegna vinnu við undirbúning að bókarkafli í *Nordic Company Law: Broadening the Horizon*, sem gefin verður út af Scandinavian University Press. Hún vann auk þess að umsókn um Arctic Research and Education styrk í samstarfi við Eivind Junker, Associate professor við Nord University og Maria Pettersson, professor við Luleå tekniska universitet.

Einar Karl Hallvarðsson, dósent og ríkislögmaður, sinnti kennslu við lagadeild og tók þátt í starfi og þróun deildarinnar.

Erna Sigurðardóttir, aðjúnt og lögfræðingur hjá Rapyd, sinnti kennslu við lagadeild og tók þátt í gæðastarfi og þróun deildarinnar.

Helga Kristín Auðunsdóttir lektor lauk á árinu doktorsprófi í lögfræði við Fordham-háskóla í New York. Doktorsverkefni hennar fjallaði um lagaumhverfi vogunarsjóða sem fjárfesta í skráðum félögum. Er dr. Helga Kristín Auðunsdóttir fyrsti laganeminn við Háskólann á Bifröst sem lýkur doktorsnámi.



Lagadeild
Háskólans á Bifröst

Fréttir af vettvangi

Glæsilegt 20 ára afmælimálþing lagadeildar Háskólans á Bifröst



Lagadeild Háskólans á Bifröst hélt glæsilegt málþing um stöðu laganáms hér á landi í tilefni af því að 20 ár voru liðin frá stofnun deildarinnar. Málþingið var helgað minningu Ólafar Nordal, helsta frumkvöðuls nýju lagadeildarinnar, og fór það fram á afmælisdegi hennar, þann 3. desember. Frummælendur voru Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, og Krístrún Heimisdóttir, lektor við lagadeildina. Á myndinni má hins vegar sjá þátttakendur í pallborðsumræðum málþingsins, f.v. Bryndís Hlökkversdóttir, Jóhannes Tómasson, Ragnheiður E. Þorsteinsdóttir, Erna Sigurðardóttir og Unnar Steinn Bjarnald Björnsson, sem stjórnaði jafnframt umræðum.



Viðskiptadeild

Dr. Stefan Wendt var í ágústbyrjun skipaður prófessor og síðan forseti viðskiptadeildar. Jón Snorri Snorrason, fráfarandi forseti, er áfram dósent við deildina. Brynjar Þór Þorsteinsson lektor skipaði áfram deildarráð viðskiptadeildar sem fulltrúi kennara. Þá var Hlynur Finnbogason kjörin fulltrúi nemenda í deildarráði fyrir kennsluárið 2021/2022.

Stefnt hefur verið að því að fækka stundakennurum og fjölga fastráðnum við viðskiptadeild. Á árinu 2021 voru auglýstar lausar til umsóknar þrjár stöður akademískra starfsmanna og voru í framhaldi af því Hanna Kristín Skaftadóttir, dr. Erlendur Ingi Jónsson og dr. Vífill Karlsson skipuð lektorar við deildina. Fastráðnir akademískir starfsmenn við deildina eru nú 14 talsins, þar af þrjár konur. Fimm starfsmenn eru með doktorsgráðu. Þá hlaut dr. Vífill Karlsson framgang í prófessorsstöðu í nóvember 2021. Undir lok ársins dreifðust akademískar stöður deildarinnar með eftirfarandi hætti: tveir prófessorar, þrjú dósentar, sjö lektorar og tveir aðjúntar.

Samfara fjölgun fastráðinna akademískra starfsmanna hefur viðskiptadeild styrkt sig í sessi og þá sérstaklega innan þeirra fræðasviða sem snúa að viðskiptagreind, hagfræði og fjármálum. Þá stefnir deildin jafnframt að því að styrkja fræðilegan grunn deildarinnar innan innan verkefnastjórnunar og var því ákveðið að auglýsa lausa til umsóknar akademíska stöðu á því fræðasviði í ársbyrjun 2022.

Skipan fagstjóra gekk jafnframt eftir á árinu eins og gert er ráð fyrir innan gæðastjórnunarkerfis háskólans. Fagstjórar bera nú faglega ábyrgð á einstökum námslínunum í bæði grunnnámslínunum og meistaranámslínunum viðskiptadeildar. Segir nánar frá starfi viðkomandi fagstjóra í eftirfarandi umfjöllun á námslínunum.

Grunnnám

Vorið 2021 lauk heildarendurskoðun á námskeiðum og námsbrautum í grunnnámi við viðskiptadeild. Að endurskoðuninni stóðu Brynjar Þór Þorsteinsson lektor, Dr. Arney Einarsdóttir dósent og Einar Svansson dósent. Að þessari endurskoðun lokinni sá Jón Snorri Snorrason dósent um samanburð grunnnámsins (e. benchmarking against) við grunnnám í viðskiptafræði við aðra háskóla hér á landi og lauk þeirri vinnu þá um haustið. Í framhaldi af því hófst svo vinna við að koma nýju og endurskoðuðu grunnnámi á fót í viðskiptafræði sem stefnt er að ljúki næsta vor með skráningum fyrir skólaárið 2022/2023. Endurskoðun grunnnámsins leiðir dr. Stefan Wendt deildarforseti og jafnframt fagstjóri skyldunámsgreina ásamt áherslunni á verkefnastjórnun, í samstarfi við Hönnu Kristínu Skaftadóttur, aðjúnkt, Einar Svansson, dósent og Ragnar Mát Vilhjálmsson aðjúnkt, en þau eru jafnframt fagstjórar áherslna á viðskiptagreind, þjónustufræði og markaðsfræði. Einnig kemur að þessari vinnu Jón Snorri Snorrason dósent sem fagstjóri diplómanáms í viðskiptafræði og verslunarstjórnun.

Eftirfarandi umfjöllun á ekki við um endurskoðað grunnnám í viðskiptafræði heldur er hún eingöngu bundið við námsframboð ársins 2021.

BS nám í viðskiptafræði (180 ECTS einingar)

Grunnnám í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst er alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í atvinnulífi og samfélagi. Kjarnafög námsins samanstanda af almennum viðskiptafræðigreinum. Dr. Stefan Wendt prófessor er fagstjóri skyldunáms eða kjarnagreina BS námsins.

Nemendur geta valið um eftirtaldar áherslu í BS námi sínu:

Markaðsfræði: Tvær eldri áherslur, annars vegar Markaðssamskipti, og hins vegar Markaðssamskipti og samfélagsmiðlar, voru sameinaðar í eina áherslu á markaðsfræði. Markmiðið er að bjóða upp á sérhæft viðskiptanám sem er sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við menntun, þekkingu og hæfni á sviði markaðsfræða. Námið er ætlað þeim sem starfa eða hafa áhuga á að starfa að markaðsmálum. Í náminu er lögð áhersla á möguleika samfélagsmiðla til markaðssamskipta og hvernig ná megi forskoti á mörkuðum á grundvelli markaðsherferða á samfélagsmiðlum. Þá er einnig lögð sérstök áhersla á að nemendur öðlist reynslu og hæfni til þess að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt. Ragnar Mát Vilhjálmsson aðjúnkt er fagstjóri áherslunnar á markaðsfræði.

Þjónustufræði: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á þjónustufræði er sérhæft viðskiptanám, sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við þekkingu sína, leikni og hæfni á sviði þjónustu. Með námi í þjónustufræði hefur Háskólinn á Bifröst skapað sér enn frekari sérstöðu hér á landi þar sem aðrir háskólar á Íslandi bjóða ekki upp á sérhæfða kennslu á sviði þjónustu. Einar Svansson dósent er fagstjóri áherslunnar á þjónustufræði.

Viðskiptagreind: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind er sérhæft viðskiptanám sem er sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við þekkingu sína, leikni og hæfni á því sviði. Á síðustu árum hefur bylting átt sér stað í þróun gervigreindar sem flestar atvinnugreinar byggja á í dag. Gervigreind og sjálfvirkni er víða að finna í heimi viðskipta. Stjórnendur þurfa í æ ríkari mæli að hafa þekkingu á notkunargildi og þeim möguleikum sem þessi hugbúnaður hefur upp á að bjóða. Þannig er stuðlað að því að leiðtogar framtíðarinnar hafi skilning á þessum hugbúnaði og geti notfært sér þessa nýju tækni. Áhersla er lögð á virkni hinna ýmsu tegunda hugbúnaðar og notagildi í síbreytilegum heimi viðskipta. Hanna Kristín Skaftadóttir aðjúnkt er fagstjóri áherslunnar á viðskiptagreind.

Verkefnastjórnun: BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun er sérhæft viðskiptanám sem er sniðið að þörfum þeirra sem vilja auka við þekkingu sína, leikni og hæfni á því sviði. Gerðar eru meiri kröfur en áður um fagmennsku við að stýra og leiða fjölbreytt verkefni. Sérstaða námsins felst í námskeiðum sem nýtast þeim sem vilja ná betri árangri við að leiða og stýra hinum ýmsu verkefnum. Dr. Stefan Wendt prófessor er fagstjóri áherslunnar á viðskiptafræði.

Nýskráningar í viðskiptafræði með áherslu á ferðapjónustu verður ekki boði frá og með skólaárinu 2021/2022.

Diplóma í viðskiptafræði og verslunarstjórnun (60 ECTS credits): Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er starfstengt nám fyrir verslunarstjóra. Styrkur námsins liggur í virku samstarfi við atvinnulífið. Námið er metið til eininga í áframhaldandi námi í viðskiptafræði til BS gráðu við Háskólann á Bifröst. Nemendur sem útskrifast með diplómagráðu í verslunarstjórnun munu því geta haldið áfram námi til BS gráðu í viðskiptafræði kjósi þeir það. Jón Snorri Snorrason dósent er fagstjóri diplómunáms í viðskiptafræði og verslunarstjórnun.

Meistaránám

Viðskiptadeild er með meistaránám í forystu og stjórnun. Auk þess geta nemendur valið um tvær mismunandi áherslur: annars vegar forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun og hins vegar forystu og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun.

Meistaránám í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst er 90 ECTS eininga nám sem hægt er að ljúka með MS gráðu og einnig MLM (Master of Leadership and Management) gráðu. Meistaránám í forystu og stjórnun er fjölmennasta námsbrautin við Háskólann á Bifröst. Við undirbúning og hönnun námsins var framkvæmd þarfagreining á því sem námið þyrfti að innihalda til að það yrði sem gagnlegast og þannig tengd saman fræði og framkvæmd. Meistaránám í forystu og stjórnun er fjölbreytt og krefjandi nám sem ætlað er að búa nemendur undir forystu- og stjórnunarstörf. Námið á að gefa nemendum hagnýta þekkingu á viðfangsefninu og dýpka fræðilegan skilning og grunn. Námið undirstrikar og styður við hlutverk Háskólans á Bifröst sem er m.a. að undirbúa fólk fyrir forystustörf í atvinnulífi og samfélagi, með sjónarmið sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar að leiðarljósi. Dr. Stefan Wendt prófessor er fagstjóri meistaránáms í forystu og stjórnun.

Áhersla á mannauðsstjórnun: Mikil eftirspurn er á vinnumarkaði eftir þekkingu á sviði mannauðsmála og stjórnun mannauðs án efa einn mikilvægasti og umfangsmesti þátturinn í stjórnun. Stjórnendur í fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum þurfa því að hafa góða innsýn og þekkingu á sviði mannauðsstjórnunar. Auk þess er vaxandi eftirspurn eftir sérfræðingum og mannauðsstjórum í mannauðsdeildum fyrirtækja og stofnana, sem og hjá samtökum á vinnumarkaði. Dr. Arney Einarsdóttir dósent er fagstjóri meistaránáms í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun.

Áhersla á verkefnastjórnun: Í atvinnulífi og samfélagi eru sífellt gerðar meiri kröfur um fagmennsku við að stýra og leiða fjölbreytt verkefni. Verkefnastjórnun vegur þannig æ meira í faglegri forystu. Enn fremur hafa margir nemendur í forystu og stjórnun sem og aðrir nemendur sýnt aukinn áhuga á verkefnastjórnun. Námið byggir í grunninn á námskeiðum úr forystu og stjórnun en auk þeirra felst sérstaða námsins í námskeiðum sem eru sniðin að starfi verkefnastjórans. Námið hentar vel stjórnendum sem stýra fjölbreyttum og krefjandi verkefnum í atvinnulífinu og er hið eina sinnar tegundar hérlendis. Dr. Stefan Wendt prófessor er fagstjóri meistaránáms í forystu og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun.

Meistaránám í markaðsfræðum er 90 ECTS eininga nám sem hægt er að ljúka með MS gráðu og einnig MMM (e. Master of Marketing Management) gráðu. Meistaránám í markaðsfræðum hefur verið í boði frá hausti 2017 og er ætlað þeim sem starfa eða hafa hug á að starfa við markaðsmál og hafa þegar reynslu af markaðs- og sölumálum en vilja dýpka þekkingu sína á fjölbreyttri flóru markaðsfræðinnar. Meistaránám í markaðsfræðum veitir nemendum haldgóða og nauðsynlega þekkingu fyrir starfsumhverfi markaðsstjóra. Meistaránám í markaðsfræðum er heildstætt nám sem inniheldur víðtæk námskeið, allt frá markaðslegri stefnumótun til stafrænna markaðssamskipta en slík kunnátta og þekking er sífellt mikilvægari í þjónustu og samskiptum við neytendur. Brynjar Þór Þorsteinsson lektor er fagstjóri meistaránáms í markaðsfræði.

Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Með fjölgun akademískra starfsmanna við viðskiptadeild hefur rannsóknarvirkni við deildina eflst til muna. Þá spannaði rannsóknarvirkni árisins 2021 jafnframt breitt svið, þ.á.m. voru rannsóknir á fræðasviðum á borð við upplifun og ánægju viðskiptavina, CRM (e. Customer Relationship Management), starfsánægju, sjálfbærni, sjálfbær og samfélagslega ábyrg frumkvöðlafræði, gagnsæi og traust í viðskiptatengdri upplýsingagjöf, fjármál og tækni (e. FinTech), fjárfestahegðun, landshlutabundin hag- og samfélagsþróun, krísu og þjónustustjórnun.

Akademískir starfsmenn viðskiptadeildar fengu víða birtingar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum, t.a.m. í Journal of Financial Services Research, og íslenskum jafningjarýndum tímaritum ásamt birtingum á jafningjarýndum köflum í fræðilegum útgáfum. Meðal innlendra tímarita þá birtust greinar í Tímarit um viðskipti og efnahagsmál og Stjórnsmál og stjórnsýsla. Þá tók fjöldi starfsmanna þátt í innlendum sem erlendum málstofum og ráðstefnum.



Rannsóknarstyrkir og alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf jókst, bæði í tengslum við kennslu og kennsluþróun og einnig í rannsóknum, enda þótt alþjóðlegar samgöngur væru takmörkunum háðar sökum COVID-19 heimsfaraldursins. Samstarfsaðilar akademískra starfsmanna deildarinnar við erlendar fræði- og menntastofnanir tengjast jafnt einstökum verkefnum sem lengri tíma rannsóknum á vegum stærri rannsóknahéilda. Fjöldi staðbundinna og alþjóðlegra verkefna hlutu utanaðkomandi fjármögnun.

Áfram var unnið að erlendum samstarfsverkefnum, sem eru styrkt af Erasmus áætluninni og unnin í samstarfi fjölmargra háskóla víða um Evrópu. Má þar nefna verkefnið BoostEdu, sem miðar að því að efla kennslu í fjarnámi og auka notkun upplýsingatækni við námsþróun. Verkefninu iFemPower lauk á haustmánuðum og var þar þróað námskeið í frumkvöðlafræðum ætlað kvenfrumkvöðlum, og sumarskóli nemenda frá sjö Evrópulöndum fór fram í Vínarborg.

Þróun náms og kennsluáferða heldur áfram með þátttöku Háskólans á Bifröst í samstarfsverkefnum af þessum toga. Verkefnið COPE miðar að því að móta námsskrá í frumkvöðlafræðum með áherslu á styrkleika samvinnufélaga til að efla félagshagkerfið. Verkefnið 4S4C, sem unnið er í samstarfi við fjóra háskóla frá mið-Evrópu, leitar að leiðum til að þjálfa mjúka færni (e. soft skills) innan námskeiða, samskiptafærni, samvinnu, gagnrýna og skapandi hugsun. Og nú fer af stað verkefnið CT.Uni, sem er framhald af DT.Uni samstarfi um nám í hönnunarhugsun, en CT.Uni mun beina sjónum sérstaklega að skapandi aðferðum við lausn fjölbreyttra viðfangsefna.

Dr. Arney Einarsdóttir er þátttakandi í fjórum alþjóðlegum samstarfsverkefnum. Þau eru ráðgjafahópur CRANET samstarfsins, sem alþjóðlegt samstarfsverkefni um langtíma samanburðarrannsóknir í mannauðsstjórnun á vegum Cranfield Network on International Human Resource Management (CRANET); norrænt rannsóknaverkefni á sviði mannauðsstjórnunar sem Arney stýrir fyrir Íslands hönd og er styrkt af Afmælisjóði Seðlabanka Svíþjóðar (Riksbankens Jubeliumfond); fjölþjóðlegt 14 ríkja samstarfsverkefni sem hlaut veglegan styrk úr Uppbyggingarsjóði EES (EEA and Norway Grants Fund for Youth Employment) og nefnist Aldamótakynslóðin eða The Lost Millennials; alþjóðlegt 40 ríkja rannsóknarverkefni um hönnun starfa í ólíkum menningarheimum (e. Global Work Design) sem Arney hefur tekið þátt í ásamt samstarfsaðilum í Háskóla Íslands.

Dr. Vífill Karlsson hlaut tvo styrki úr Bygðarannsóknarsjóði sem og styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála í samstarfi við Samtök sveitarfélaga. Verkefnið Margur er knár þó hann sé smár: Í verkefninu verður leitað frekari skýringa á því hvers vegna sum veik landsvæði koma vel út úr íbúakönnun landshlutanna en önnur sambærileg gera það ekki. Verkefnið Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði í Covid-kreppu: Í verkefninu verður reynt að varpa ljósi á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði hérlendis á árinu 2020. Að baki greiningunni liggur Íbúakönnun landshlutanna 2020 þar sem tæplega 11.000 tóku þátt og um 900 svör frá innflytjendum.

Fréttir af vettvangi

Hvað var til þess að KSÍ tók þetta ekki alvarlega?



Erindi Jóns Snorra Snorrasonar, dósents við viðskiptafræðideild, á Þjóðarspegli 2021, um þá krísu sem KSÍ glímdi við á árinu, vakti verðskuldaða athygli. Benti Jón Snorri m.a. á að ítrekuð mistök í meðhöndlun málsins hafi orðið til þess að krísan stigmagnaðist og varð KSÍ sífellt erfiðari viðureignar. Þá hafi KSÍ að mörgu leyti gengið vanbúið til verks. Sambandið hafi sem dæmi ekki haft viðbragsáætlanir til að styðjast við.



Háskólagátt

Nám í Háskólagátt er skipulagt með hliðsjón af reglum nr. 835/2019 um aðfaranám í háskólum. Nám í Háskólagátt er í boði bæði á íslensku og ensku. Námskrá Háskólagáttar fylgir Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 og byggir á sömu sex grunnþáttum sem gert er ráð fyrir að fléttist inn í nám á framhaldsskólastigi en þau endurspegla menntastefnu íslenskra stjórnvalda. Háskólagátt veitir alhliða undirbúning fyrir háskólanám. Nemendur útskrifast með þekkingu, leikni og hæfni á þriðja hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun.

Nám í Háskólagátt er skipulagt í framhaldsskólæiningum og er samtals 70 einingar. Nemendur í fullu námi geta lokið því á einu skólaári, en einnig er hægt að taka námið á lengri tíma.

Nám í háskólagátt er skipulagt með tilliti til þess að búa nemendur undir nám á háskólastigi í greinum hug- og félagsvísinda, einnig til þess að veita undirstöðumenntun á framhaldsskólastigi til að styrkja einstaklinga út á vinnumarkaðinn. Námi í Háskólagátt á ensku er einnig ætlað að undirbúa nemendur fyrir háskólanám á íslensku. Kenndar eru þrjár kjarnagreinar; íslenska, stærðfræði og enska. Auk þess taka nemendur stutt námskeið í upplýsingatækni, námskeið í félagsvísindum og skapandi og gagnrýninni hugsun, og þverfalegan áfanga undir heitinu Landið mitt Ísland. Nemendur hafa val um að taka áfanga um stofnun og rekstur fyrirtækja eða fjármálalæsi. Nemendur í Háskólagátt á ensku taka námskeið í íslensku sem annað mál allan námstímann, og koma þau í stað íslenskunámskeiða í Háskólagátt á íslensku og námskeiðsins Landið mitt Ísland. Í náminu er lögð áhersla á námstækni, markmiðasetningu og framkomu.

Nám í Háskólagátt er ætlað fullorðnum nemendum. Þeir sem uppfylla eitthvert af eftirfarandi geta sótt um nám í Háskólagátt:

- Hafa lokið námi til starfsréttinda eða öðru námi af hæfniprepi 2 eða hærra
- Hafa lokið Menntastoðum og hafa auk þess a.m.k. 2.-3. ára reynslu á vinnumarkaði
- Hafa lokið a.m.k. 100 einingum í framhaldsskóla (60 einingum í eldra kerfi)

Leggi umsækjandi fram gilt raunfærnimat tekur skólinn mið af því við meðhöndlun umsóknar.

Endurmenntun Háskólans á Bifröst

Ákveðið var að breyta nafni Símenntunar Háskólans á Bifröst í Endurmenntun Háskólans á Bifröst. Gerð var ný heimasíða þar sem hægt er að skrá sig í einingabær námskeið í öllum deildum háskólans. Á vorönn 2021 fór fram námið Máttur kvenna. Alls sóttu 22 konur námið.

Snemma á haustönn 2021 var boðið upp á undirbúningsnámskeið í stærðfræði og upplýsingatækni fyrir nemendur sem voru að hefja nám í grunnnámi. Var námskeiðið vel sótt og verður endurtekið.




Í upphafi ársins var í fyrsta sinn boðið upp á Háskólagátt á ensku. Þar eru kennd námskeið í íslensku sem annað mál. Þá var einnig íslenskukennsla fyrir útlendinga í boði í Endurmenntun og lofar framhaldið góðu.






Háskólinn á Bifröst í tölum

1257
Count of Kennitala




Hlutfall nemenda eftir deild, námsstigi og kyni - 2021




Hlutfall nýnema eftir deild, námsstigi og kyni - 2021



Hlutfall brautskráninga eftir deild, námsstigi og kyni - 2021





Dreifing nemenda Háskólans á Bifröst um landið



Fréttir af vettvangi

Glæsilegt 20 ára afmælimálþing lagadeildar Háskólans á Bifröst

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, undirritaði 11. ágúst 2021 ásamt Katrínu Jakobsdóttur, forsætisráðherra, Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, Þórdísi Kolbrúnu Reykafjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, samning vegna Rannsóknaseturs skapandi greina, RSG. Samningurinn er á meðal aðgerða sem ríkisstjórnin samþykkti til stuðnings skapandi greinum og felur Háskólanum á Bifröst að annast nauðsynlegan undirbúning vegna stofnunar rannsóknasetursins.



Stjórnsýsla

Fjármála- og rekstrarsvið

Rekstrarsvið heldur utan um fjármál skólans, innheimtu, launamál og almenna fjármálastjórn. Undir rekstrarsvið heyrir einnig húsnæðissvið sem heldur utan um útleigu á húsnæði ásamt viðhaldi og þrifum á skólahúsnæði.

Við sviðið störfuðu Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri, Margrét Vagnsdóttir, sérfræðingur á fjármálasviði, og sinni hún jafnframt störfum aðalbókara og launafulltrúa. Þá var Ragnheiður Ásta Birgisdóttir innheimtufulltrúi. Á húsnæðissviði starfaði Vignir Mór Sigurjónsson.

Í lok ársins lét Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri af störfum fyrir aldurssakir eftir sjö ára farsælt starf við háskólann. Í framhaldi af því var gerður tímabundinn starfssamningur við Hafstein um 50% starf frá 1. janúar til 31. mars og um 30% starfshlutfall í apríl og maí 2022. Eru Hafsteini færðar innilegar þakkir fyrir frábært samstarf og vel unnin störf í þágu háskólasamfélagsins á Bifröst. Við starfi hans um áramót tók Margrét Vagnsdóttir.

Kennslusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu og heildarþjónustu við nemendur, kennara og annað starfsfólk skólans. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með kennslukerfum, nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku umsókna, útgáfu vottorða eða annarra staðfestinga vegna náms, umsýslu vegna lokaritgerða, framkvæmda lokaprófa, náms og starfsráðgjöf og umsjón með starfsnámi svo nokkur verkefni séu upptalin. Starfsmenn kennslusviðs sjá einnig um mikilvæga þætti í skólastarfinu eins og framkvæmd kennslumats og skipulagningu á vinnuhelgum. Eins er skipulag skólaársins, lotuskiptingar og tölfræði skólans á ábyrgð sviðsins.

Á árinu 2021 urðu eftirfarandi breytingar á starfsmannahópi og skipulagi sviðsins. Einn starfsmaður hætti sem umsjónamaður kennslukerfa og í hans stað kom aðili sem hafði starfað á öðru sviði innan skólans. Skipulagi sviðsins var einnig breytt þegar ákveðið var að stofna sérstakt upplýsingatæknisvið og sameina undir einni stjórn alla þá aðila sem koma að tæknilegri uppbyggingu í stofum, tæknilegri aðstoð fyrir starfsmenn og nemendur auk kerfisfræði og uppbyggingu á kennslukerfum. Þessi breyting var gerð í desember, með ákvörðuninni færðust eitt og hálf stöðugildi af kennslusviði yfir á upplýsingatæknisvið. Ákveðið var að ráða tímabundið inn manneskju sem sinnir daglegum störfum í Borgartúninu auk aðstoðar við deildarforseta í 30% hlutastarf. Alls voru því 8,3 stöðugildi á kennslusviði í lok árs 2021 átta konur og einn karl.





Kennslu- og nemendaskrárkerfi

Árið 2021 hélt innleiðing nýrra kerfa: Uglu, Canvas og Inspera áfram og er nú að mestu lokið. Áfram verður haldið að bæta og breyta kerfum í takt við nýja starfshætti og eftir því sem viðbætur koma inn. Canvas er kennslukerfi skólans en þar fara öll samskipti kennara og nemenda fram vegna kennslu í áföngum. Canvas hefur reynst mjög vel og býður það upp á mikla möguleika í kennslu, uppsetningu á verkefnum og einkunnagjöf. Mikil þróun er á kerfinu sem kemur sér vel og mikilvægt að skólinn fylgi þeirri þróun fast eftir inn í kennsluumhverfið.

Enn er nokkur töf á því að Ugla virki eins og skyldi fyrir Háskólann á Bifröst en þó hefur margt til betri vegar færst og handavinna minnkar með hverju árinu. Ákveðnir þættir svo sem að færa greiðsluupplýsingar úr nemendaskrárkerfinu yfir í innheimtukerfið hefur verið handvirkt og tekið mikinn tíma og orku frá starfsfólki.

Inspira er prófakafi skólans en það kerfi talar við Ugluna og Canvas. Sambandið milli þessar kerfa hefur batnað á árinu og vinnan einfaldast. Til dæmis er nú hægt að flytja einkunnir úr Inspira kerfislegt en hefur því handvirkum færslum nánast verið hætt nema í undantekningartilfellum.

Kennarar hafa fjölbreyttar leiðir til þess að taka upp efni en nota mest forritin Camtasia og Studio. Unnið hefur verið að því að útvega kennurum betri búnað til þess að taka upp hljóð í betri gæðum sem hefur skilað aukinni ánægju meðal nemenda.

Háskólinn á Bifröst notar Turnitin hugbúnað til að aðstoða nemendur í meðferð heimilda og við skrif lokaverkefna. Kerfið tekur við öllum lokaverkefnum og fjölda verkefna, ber saman við fyrri skil nemenda og gefur skýrslu um heimildarnotkun.

Kennsla á tímum Covid

Árið 2021 fór ekki varhluta af Covid. Ítrekað þurfti að gera breytingar og aðlaganir að þeim samkomutakmörkunum sem voru í gildi á hverjum tíma. Ekki tókst að vera með neina lotu án þess að einhvers konar takmarkanir væru í gildi eða undanþágur kæmu til sögunnar. Teams var því mikið notað í kennslu og reynt var eftir fremsta megni að koma til móts við nemendur í þeim aðstæðum sem voru. Heimapróf voru tíð í prófalotum þetta árið en nokkur próf fóru fram með hefðbundnum hætti að vori og fyrst að hausti. Útskrift var með nokkuð hefðbundnum hætti í júní þar sem útskriftarefni gátu boðið með sér gestum og veitingar veittar í lok athafnar. En útskriftin í febrúar var með fjarlægðartakmörkunum og takmörkunum á gestafjölda.

Kennsluvið, kennarar og annað starfsfólk sem að þessu skipulagi komu stóð sig framúrskarandi vel í krefjandi aðstæðum og ber að þakka þá miklu vinnu sem allir voru tilbúnir að leggja á sig aukalega til að allt gengi upp.

Náms- og starfsráðgjafi árið 2021 var Elfa Huld Haraldsdóttir. Náms- og starfsráðgjafi starfar í þágu nemenda og gætir hagsmuna þeirra, þjónustan er einstaklingsbundin og fer fram í trúnaði. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að vellíðan nemenda, efla færni þeirra og sjálfsþekkingu til að ná sem bestum árangri í námi og aðstoða þá við að finna áhuga sínum og hæfileikum farveg. Náms- og starfsráðgjafi aðstoðar nemendur að finna leiðir þegar upp koma áskoranir sem geta haft áhrif á námsframvindu og vellíðan þeirra í námi. Hann veitir nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval, leiðbeinir um skipulögð vinnubrögð í námi, hefur umsjón með sérúrræðum og spornar gegn brotthvarfi með markvissum aðgerðum. Til að tryggja faglega ráðgjöf er mikilvægt að náms- og starfsráðgjafi hafi tilskilda menntun sem menntamálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu.

Skólaárið 2021 litaðist áfram af kórónuveirufaraldrinum og fór ráðgjöf og upplýsingagjöf að mestu fram í tölvupósti, síma eða Teams. Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í kynningum, var með rafræna fræðslu, kom inn í minni hópa og nýtti póst og Uglu til að koma upplýsingum á framfæri. Árið 2021 bárust 1.440 erindi samkvæmt skráningu þar af voru 869 á vor- og sumarönn en 571 á haustönn. Þar af voru 258 viðtöl og 1.182 erindi í pósti.



Fréttir af vettvangi

Nýsköpunar- og þróunarsetur í samstarfi háskólanna á Vesturlandi verður að veruleika

Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor Landbúnaðarháskóla Íslands og Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, undirrituðu ásamt fulltrúum annarra samstarfsaðila á Hvanneyri viljayfirlýsingu um uppbyggingu nýsköpunar- og þróunarsetur á vegum háskólanna tveggja, þar sem áhersla verður lögð á nýsköpun, rannsóknir, fræðslu og frumkvöðlastarf á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftslagsmála. Undirritunin fór fram á Hvanneyri 17. ágúst 2021.



Skrifstofa rektors

Undir skrifstofu rektors fellur margvísleg stoðþjónusta eða bóka- og skjalasafn Háskólans á Bifröst, gæðastjóri, mannauðsstjóri, markaðssvið, rannsóknastjóri, tölvuþjónusta og þróunar- og alþjóðasvið.

Bóka- og skjalasafn

Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í bókasafni skólans, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og almenn notendafræðsla. Í árslok 2021 var heildarfjöldi titla í bókasafnskerfinu Gegni 18.596 en mikil grisjunarvinna átti sér stað seinni hluta ársins og eintökum því fækkað um 632 frá árinu áður. Áfram var haldið að byggja upp safnkostinn en síaukin áhersla er á að kaupa rafbækur sé það mögulegt.


Yfirlit yfir rafbækur:

- Rafbókaveita frá ProQuest var tekin í notkun árið 2017, EbookCentral.
- Í árslok 2021 var fjöldi keyptra titla 162 og eru bækurnar virkjaðar í bókasafnskerfið til þess að þær séu aðgengilegar í gegnum Leitir.is.
- Rafbækurnar eru aðgengilegar öllum á staðarneti skólans, en notendur geta einnig skráð sig inn með notendanafni og lykilorði. Tengill er beint í safnið af heimasíðu bókasafnsins, www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn en það er einnig leitarbært á www.leitir.is Notkunartölur og þjónusta.
- Notkun á rafbókum fer hratt vaxandi, notkun á árinu 2020 voru 11.161 innlit í bækur en árið 2021 voru þau 23.406. Sjá mynd 1.
- Vinsælasta bókin 2021 var *The 7 Hidden Reasons Employees Leave*.
- Heildar útlán prentaðs efnis voru 275 eintök, árið 2020 voru útlánin 349.
- Til annarra safna voru sendar að láni 37 bækur (12 bækur 2020) og 1 grein.
- Í millisafnaláni voru útveguð 8 rit að láni og pantaðar 3 greinar/bókakaflar, alls 11 gögn.





Lestur rafbóka EBC eftir mánuði



Mynd 1

Háskólinn á Bifröst er aðili að samlagi um kaup á Landsaðgangi í samstarfi við önnur bókasöfn auk mennta- og menningarmálaráðuneytis. En þar er aðgangur að stærstu og bestu gagnasöfnum sem í boði eru, svo sem Karger, Britannica, ProQuest, SAGE, ScienceDirect, Scopus, SpringerLink, Wiley Online og Web of Science. Öll eru leitarbær í leitargátt bókasafna, Leitir.is og á vef Landsaðgangs Hvar.is.

Til viðbótar veitir skólinn aðgang til viðbótar að eftirtöldum vefmiðlum og gagnasöfnum:

- Snara, veforðasafn
- FonsJuris
- Gagnasafn Morgunblaðsins
- DV
- Viðskiptablaðið
- Lögbirtingarblaðið
- Stundin

Skemman er stafrænt varðveislusafn lokaritgerða sem rekin er í samstarfi íslenskra háskóla, frá Bifröst er fjöldi lokaritgerða orðinn 1.341 af þeim rúmlega 36.000 lokaritgerðum sem þar eru varðveittar.

Gagnasafnið www.opinvisindi.is er annað stafrænt varðveislusafn sem háskólar landsins reka í sameiningu, þar er unnið að því að varðveita og gera aðgengilegar allar rannsóknir íslenskra vísindamanna sem styrktar eru af almannafé í samræmi við stefnu skólanna um Opinn aðgang. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, háskólarnir og rannsóknarstofnanir eru í samstarfi um að innleiða upplýsingakerfi fyrir íslenskar rannsóknir, sem nefnist PURE og frá Elsevier. Kerfið er algengt við erlenda háskóla víða og heldur utan um rannsóknir vísindamanna. Kerfið tengir þær við styrki, samstarfsaðila og vísindaafurðir (greinar, bókakaflar). Innleiðing á kerfinu hófst 2019, hún stóð yfir allt árið 2020 og stendur enn. Kosið var um nafn á kerfinu síðla árs 2020, niðurstaðan var IRIS, eða Íris sem stendur fyrir „Icelandic Research Information System“. Gert er ráð fyrir að kerfið verði komið í fulla virkni um mitt ár 2022 en Covid-19 faraldur og mannbreytingar hafa tafið innleiðingaráætlun nokkuð.

Á vef háskólans á Bifröst er upplýsingum miðlað um þjónustu við nemendur og aðra rannsakendur. Leiðsinnt er við leit í gagnasöfnum, heimildaöflun og frágang heimilda og upplýsingar veittar um aðgengi að séráskriftum. Heimasíðan er uppfærð árlega og henni tilheyra sjö undirsíður, Þjónusta, Heimildaleit, Tímarit, Rafbækur, Réttarheimildir, Heimildaskráning og Alfræðirit og orðabækur.

Bókasafnið er með síðu á Facebook þar sem upplýsingum um þjónustu, opnunartíma, heimildaleit, heimildaskráningu og fleira er miðlað til fylgjenda sem eru þó of fáir enn sem komið er.

Samstarf við bókasöfn á Íslandi:


- Stjórnendur háskólabókasafna á Íslandi (PH)
- Verkefnastjórn Skemmannar (PH)
- Verkefnastjórn um opin vísindi (PH)
- Verkefnashópur um innleiðingu IRIS á Bifröst (PH)
- Samráðshópur háskólabókasafna um rafbókakaup (PH)
- Samráðshópur háskólabókasafna um opinn aðgang (PH)
- Upplýsingalæsisshópur háskólanna (PH)

Flestir verkefnahóparnir hittast einu sinni til tvisvar á ári, nema sérstök verkefni séu í gangi og fara yfir stöðu sameiginlegra verkefna og ákveða framhaldið. Allir fóru fundirnir fram á Teams eða Zoom vegna samkomutakmarkana í samfélaginu sem kom sér vel fyrir þá sem starfa á landsbyggðinni.

Háskólinn á Bifröst notar skjalakerfið OneCRM. Málalykill Háskólans á Bifröst sem er samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands árið 2016 til 5 ára, 1. maí 2016 – 31.12.2020, er mikilvægur hlekkur í starfsemi skólans þar sem haldið er utan um gögn og skjöl sem viðkoma stjórnslustarfsemi hans. Allt starfsfólk fær leiðsögn til að byrja skjalavistun og skráningu skjala í One kerfið, en sífellt er þörf á eftirfylgni til að starfsmenn þjálfist í skjalavistun í daglegum störfum og læri á samspil One, Microsoft skrifstofupakka og tölvupóstsamskipta.

Keypt var lausn frá One Systems um rafræna undirskrift og þjónustugátt þar sem notendur geta skráð sig inn með rafrænum skilríkjum og sent erindi til skólans og fylgst með afgreiðslu í gegnum gáttina. Eins er nú hægt að ganga frá samningum í gegnum þjónustugáttina og undirrita þá rafrænt.

Á árinu 2021 bættust 1717 mál í kerfið (1159 árið 2020). Frá upphafi (2013 – 2021) hafa 4.336 mál verið skráð í One kerfið og 65.090 skjöl og tölvupóstar, sbr. Mynd 2.



Mynd 2

Umfang gagna í One kerfinu vex jafnt og þétt. Skjalastjóri reynir að loka málum sem virðist vera lokið eða afgreidd og flokka skjöl til að greiða fyrir en réttast er að ábyrgðaraðilar mála gangi frá sínum málum sjálfir og gangi úr skugga um að öll málgögn, tölvupóstar og skjöl séu til staðar í því áður en máli er lokað.

Árið 2021 lauk í fyrsta sinn gildistíma samþykktis málalykils, en þeir eru samþykktir til 5 ára í senn. Undirbúningur er hafinn til að varpa gögnum frá því tímabili í varðveisluútgáfu, þannig að breytanlegum gögnum (word skjölum t.d.) verður breytt í óbreytanlega útgáfu (tiff t.d.) og búin verður til vörsluútgáfa. Þeirri vörsluútgáfu er síðan skilað með gagnakeyrslu til Þjóðskjalasafns.

Pórný Hlynsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, veitir bókasafni skólans forstöðu og er jafnframt skjalastjóri.

Gæðastjóri

Gæðastarf Háskólans á Bifröst Gæðastefna Háskólans á Bifröst leitast við að mæta kröfum um gæði sem gerðar eru til ytra og innra mats á störfum íslenskra háskóla. Gæðastarfinu er ætlað að vinna að því bæta og efla gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann og með því að bjóða upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum sem og að tryggja gæði prófgráða frá háskólanum. Gæðastarfið þarf að vera opið, gagnsætt, einkennast af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum og fela í sér viðleitni til stöðugra umbóta. Starfsemi Háskólans á Bifröst felur í sér þátttöku í evrópska háskólasvæðinu (e. European Higher Education Area). Gæðakerfi háskólans tekur mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í ritinu Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area. Háskólinn á Bifröst starfar eftir rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi, leitast við að uppfylla kröfur Gæðaráðs íslenskra háskóla og tekur virkan þátt í samstarfi háskóla á sviði gæðamála á vettvangi ráðgjafanefndar og REAC hóps gæðaráðsins.

Unnið hefur verið töluvert umbótarstarf í gæðamálum og mörg ný verkfæri hafa verið þróuð fyrir bæði kennara og stjórnslu til þess nýta í starfi skólans. Helstu atriði í gæðamálum á árinu eru;

Unnið var ný heilstæð stefna fyrir háskólann, Stefnumið 2030. Háskólaráð, framkvæmdastjórn, nemendur, kennarar og annað starfsfólk, tóku virkan þátt í að ræða og ákveða hverjar áherslur skólans eiga að vera. Í því ferli varð til framtíðarsýn þar sem skólin setti sér níu markmið með áherslu á að auka árangur nemenda, efla rannsóknir og skapandi samvinnu, hagræða í ferlum til að auka gæði auk þess að skapa opinn og skemmtilegan vinnustað þar sem fjölbreytni og félagslegu réttlæti er tekið opnum örmum. Samhliða stefnunni var þróuð verefnaáætlun fyrir árin 2021-2024 sem snýr að framkvæmd stefnunnar.

Tilkoma fagstjóra. Þetta er ný akademísk staða sem komið var á 2021 og er starfshlutfall 8% af fullri stöðu. Í heild voru settir sautján fagstjórar sem leiðtogar fyrir námslínur á árinu. Fagstjóri hefur á höndum faglega forystu námslínu, leiðir viðhald hennar og þróun í náinni samvinnu við deildarforseta og kennara. Hann fylgist með skipulagi og gæðum kennslu, inntöku og upplifun nemenda.

Hlutverk fagstjóra er mikilvæg forsenda þess að gæðakerfi Háskólans við Bifröst uppfylli evrópska staðla varðandi símat og regluleg endurskoðun námsleiða. Samkvæmt reglugerð þurfa háskólar að vakta rekstur námsleiða sinna með símati og endurskoða þær einnig reglulega.

Lögð var áhersla á að þjálfa kjörna nemendafulltrúa í gæðamálum og fór fyrsta formlega þjálfunin af stað í september 2021. Þetta verður framvegis árlegur viðburður þar sem fulltrúar nemenda fá fræðslu og undirbúning svo að þau geti betur sinnt hlutverkum sínum.

Farið var á stað með reglubundið viðmiðunarstarf við háskóla innanlands og utan. Háskólinn á Bifröst fór í formlega heimsókn til háskólans á Akureyri til þess að fræðast um þeirra nálgun í stjórnslu. Meirihluti í framkvæmdarstjórn sótti árlega ráðstefnu á vegum The European Association of Distance Teaching Universities (EADTU), samtök sem Bifröst fékk aðgang að á árinu og sem er leiðandi afl varðandi fjarkennslu í Evrópu, þar sem fjarkennslu háskólar í Evrópu bera saman bækur sínar og ræða lausnir á sameiginlegum áskorunum í fjarkennslu á háskólastigi.

Unnið hefur verið að því að uppfæra þær gæðahandbækur skólans, gæðahandbækur Háskólans á Bifröst fela í sér lýsingu á gæðakerfi hans, afmörkun verkefna og ábyrgðar og verklagsreglur sem móta starf skólans um nám, kennslu, rannsóknir og aðra helstu þætti í starfsemi hans.

Handbækurnar eru Gæðahandbók, Nám og Kennsla, Mannauðshandbók og Alþjóðahandbók og taka þær breytingar gildi 2022.



Gæðaráð íslenskra háskóla

Gæðaráð íslenskra háskóla innra og ytra mat Gæðaráð íslenskra háskóla (qef.is) hefur sett fram rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (Quality Enhancement Framework Handbook) og birt í sérstakri handbók. Rammaáætlunin kveður á um að á fimm til sjö ára tímabili skuli fara fram kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs á Íslandi. Matið felst annars vegar í innra mati (sjálfsmati) faglegra eininga innan háskólanna og hins vegar í ytra mati á háskólum framkvæmt af erlendri sérfræðinganefnd. Árið 2021 einkenndist af áframhaldandi vinnslu varðandi ytra mati á háskólanum. Þetta var í annað sinn sem slík úttekt fór fram (QEF2) en fyrsta úttektin fór fram árið 2015 (QEF1). Skipt var um fulltrúa Gæðaráðs íslenskra háskóla gagnvart Háskólanum á Bifröst, undanfarin ár hefur Ellen Hazelkorn sinnt því hlutverki en í lok árs tók við Crichton Lang, fyrrverandi rektor „University of the Highlands and Islands“ í Skotlandi. Haldin var árlegur fundur með Ellen Hazelkorn í júní 2021 og kynningarfundur með nýjum fulltrúa, Crichton Lang í desember 2021.

Á árinu tók við nýr gæðastjóri, Lydía Geirsdóttir en Stefán Kalman hefur sinnt hefur hlutverkinu frá 2019. Hann tók við nýsköpunarmálum háskólans til viðbótar við kennslu í Viðskipta-deild.

Fréttir af vettvangi

Úttekt á viðbrögðum stjórnvalda við COVID19



Dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, dósent við félagsvísindadeild, var síðla sumars skipuð verið formaður þriggja manna nefndar, sem var falið að leggja faglegt mat á áfallastjórnun stjórnvalda vegna COVID19 faraldursins.

Mannauðsstjóri

Árið 2021 einkenndist annars vegar af fjölgun og styrkingu í föstum starfshópi skólans í samræmi við áherslur í gæðamálum og stefnu skólans til 2030 og hins vegar af áskorunum tengdum sóttvarnaráherslum. Var starfsemi skólans á ýmsum tímabilum ársins að miklu leyti unnin frá heimilum starfsfólks vegna COVID-19. Starfsstöð skólans á Suðurlandsbraut í Reykjavík var lokað í maí, og var í tímabundnu húsnæði þar til í nóvember. Þá var flutt á 3. hæð í Borgartúni 18 þar sem opnuð var verkefnaíðuð vinnuaðstaða fyrir starfsfólk. Húsnæði skólans í Borgartúni er leigt af Virk og þar er skólinn í sambýli með fleiri fyrirtækjum.

Í aðalsstarfsstöð skólans að Bifröst var áhersla lögð á aðgæslu í sóttvörnum og að starfsfólk gæti ávallt komið á starfsstöðina, óskaði það þess. Var einnig sérstaklega gætt að því að þeir sem starfa sinna vegna þurftu að vera á staðnum, t.d. starfsfólk í fasteignaþjónustu og starfsfólk í upplýsingatækni gætu starfað í öryggi.

Mesta fjölgun starfsfólks var í hópi akademískra starfsmanna, einkum í lagadeild, en ráðið var í stöður í öllum deildum skólans. Ánægjulegt var að hópur akademískra starfsmanna sótti um og fékk framgang á árinu. Áherslur skólans í tengslum fræða og framkvæmdar sést vel öflugum hópi stundakennara skólans en á árinu kenndu 75 stundakennarar námskeið við skólann.

Í árslok 2021 var fjöldi fastráðins starfsfólks við Háskólann á Bifröst alls 61, en var 47 í árslok 2020. Heildarstöðugildi í lok árs 2021 voru 51,7 og endurspeglar það að um fjórðungur fastráðinna gegnir hlutastarfi og er stærri hluti þeirra í akademískum störfum. Meðalaldur starfsfólks í stjórnslu skólans var 46,8 ár, en meðalaldur í akademíu var 48,2 ár. Ánægjulegt er að aldursbreidd er töluverð – yngsti starfsmaður skólans var 27 ára, en þeir elstu urðu 66 ára á árinu. Af fastráðnu starfsfólki voru 60,7% konur en 30,9% karlar. Kynjahlutföll í akademíu voru nokkuð jöfn en konum fjölgaði í hópi fastráðinni akademískra starfsmanna á árinu. Áfram var mikill meirihluti starfsfólks í stjórnslu konur.

Á árinu 2021 var staða mannauðsstjóra aukin úr 30% í 50% í takti við gæðastefnu skólans. Dr. Arney Einarsdóttir gegndi stöðu mannauðsstjóra fram eftir árinu samhliða stöðu sinni í viðskiptadeild en þann 1. október tók Hulda Dóra Styrmsdóttir við starfinu. Lykiltölur í árslok 2021.

	Fjöldi	Stöðugildi	Konur %	Karlar %
Háskólaskrifstofa	24	23	83,3	16,7
Fasteignaþjónusta	6	6	33,3	66,7
Fastráðið akademískt starfsfólk	31	22,7	48,4	51,6
Heild	61	51,7	60,7	39,3

Markaðssvið

Markaðssvið Háskólans á Bifröst heldur utan um markaðs- og samskiptamál skólans. Undir markaðs- og samskiptamálum eru m.a. heimasíða, samfélagsmiðlar, hönnun markaðsefnis, ljósmyndir, gerð myndbanda og útgáfa fréttabréfs. Einnig heldur markaðssviðið utan um ýmsar kynningar eins og Háskóladaginn, jafnréttisdaga og kynningar í framhaldsskólum.

Í október var markaðsráð Háskólans á Bifröst sett á fót. Í því eiga sæti auk starfsmanna sviðsins rektor og deildarforsetar félagsvísindadeildar, lagadeildar og viðskiptadeildar. Markaðsráði er ætlað að vera samráðs- og samstarfsvettvangur háskólans í markaðsmálum og upplýsinga- og kynningarmálum. Á meðal þess ákveðið var að ráðast í árinu var að styrkja faglega innviði markaðsstarfsins með ítarlegri og umfangsmeiri áætlanagerð en áður og verkalagsreglum. Þá voru undir lok ársins fyrst drög að samskiptaáætlun fyrir Háskólann á Bifröst lögð fram til kynningar.

Við sviðið starfa James Einar Becker markaðsstjóri, auk Helgu Guðrúnu Jónasdóttur samskiptastjóra og Atla Björgvinssonar markaðsráðgjafa sem ráðin voru til starfa um mitt ár 2021.



Örfá sæti laus!
Frallengjum umsóknarfrest til og með 13. desember

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

bifrost.is



Nám á þínum forsendum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur er til 10. desember



Langar þig að stýra menningarstarfi?

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur er til 10. desember



Vilt þú bæta við þig viðskiptalögfræði?

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur er til 10. desember



Ert þú náttúrulegur leiðtogi?
Meistaránám í forystu og stjórnun í sannkallaðri náttúruparadís

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur er til 10. desember



Rétt viðbrögð ráða úrslitum!
Meistaránám í áfallstjórnun

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur er til 10. desember



Viltu vekja athygli?
BA í miðlun og almannatengslum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur er til 10. desember



Markaðu spor í viðskiptalífið
BS í viðskiptafræði
markaðsfræði · þjónustufræði · viðskiptagreind · verkefnafrönnun

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur er til 10. desember

Rannsóknarstjóri

Rannsóknavirkni akademískra starfsmanna við Háskólann á Bifröst hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og mikil gróska hefur einkennt árið í rannsóknum og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Fimmtán nýir akademískir starfsmenn hófu störf á árinu, fimm við hverja deild.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um styrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og vegna gæðastarfs Háskólans á Bifröst. Á vettvangi rannsóknamiðstöðvar tekur Háskólinn á Bifröst einnig þátt í starfi Félags íslenskra rannsóknastjóra ásamt fulltrúum hérlendra háskóla og rannsóknastofnana. Vinna við samstarfsverkefni hélt áfram og var Háskólinn á Bifröst þátttakandi í fimm Erasmus+ samstarfsverkefnum á árinu, auk annarra verkefna sem fengu fjárstuðning úr sjóðum Evrópusambandsins, Uppbyggingasjóði EES o.fl.

Þátttaka í samstarfsverkefnum eins og Erasmus+ hefur með beinum hætti stuðlað að framþróun og nýjungum í námsframboði við skólann. Í grunnnámi hafa orðið til tvö námskeið á sviði nýsköpunar og rekstrar, annars vegar námskeiðið Design thinking, sem sprettur upp úr áðurnefndu verkefni DT.Uni, og hins vegar námskeiðið Konur fara í rekstur, sem þróað var innan Erasmus+ samstarfsverkefnisins iFemPower. Það síðarnefnda byggir að hluta til á kennsluskra Máttar kvenna af símenntunarstigi, en hefur verið fært upp á háskólastig og áhersla er þar lögð á stjórnun og gerð viðskiptaáætlunar en sérstakri athygli er svo beint að stöðu kvenna í nýsköpunarumhverfi atvinnulífsins.

Samstarfsnet Háskólans á Bifröst heldur áfram að þróa og ný tengsl vegna rannsókna myndast við háskóla víða um Evrópu. Áfram hefur verið sótt um ný samstarfsverkefni á háskólastigi og á sviði starfsmenntunar frá Erasmus+, Horizon 2020 og fleiri samkeppnissjóðum. Fjármögnun nýrra verkefna gekk vel á haustmánuðum og skilar sér í fjölbreyttum verkefnum til næstu tveggja ára. Þau eru mörg hver á sviði fjarkennslu og upplýsingatækni þar sem Háskólinn á Bifröst hefur margt fram að færa en einnig ótal margt að læra og þróa með öðrum háskólum.

Háskólinn á Bifröst hlaut nýverið styrk úr Uppbyggingarsjóði EES vegna fjölþjóðlegs rannsóknarverkefnis sem teygir sig til 14 landa alls. Verkefnið nefnist Aldamótakynslóðin eða The Millennials og lýtur að vinnumarkaðstengdum aðgerðum og stuðningi sem hvatt getur ungt fólk á aldrinum 25-29 ára til fullrar virkni. Meginmarkmiðið er að kortleggja stöðu þessa aldurshóps og meta árangur aðgerða, með það fyrir augum að auka þekkingu í málaflokknum og um leið forsendur til markvissra aðgerða í þágu þessa hóps og þátttöku hans á vinnumarkaði.

Í brennidepli rannsóknarinnar er sá hluti þessa aldurshóps sem er óvirkur; er ekki námi, stendur utan vinnumarkaðar og tekur ekki þátt í starfstengdum verkefnum eða námskeiðum (NEET). Heiti verkefnisins er svo dregið af því, að þessi aldurshópur fellur undir aldamótakynslóðina svokölluðu. Meginmarkmiðið er að kortleggja stöðu þessa aldurshóps og meta árangur aðgerða, með það fyrir augum að auka þekkingu í málaflokknum og um leið forsendur til markvissra aðgerða í þágu þessa hóps og þátttöku hans á vinnumarkaði. Rannsóknarverkefnið stendur yfir fram í ársbyrjun 2024 og eru þátttakendur af hálfu Háskólans á Bifröst Dr. Arney Einarsdóttir, dósent í viðskiptadeild, Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent í félagsvísindadeild, og Helga Ólafs rannsóknastjóri.

Tölvuþjónusta

Á árinu 2021 var tölvuþjónusta Háskólans á Bifröst starfrækt með óbreyttu sniði. Þetta var jafnframt síðasta starfsár tölvuþjónustunnar, en nýtt upplýsingatækni við Háskólans á Bifröst var sett á fót í desember og tók það við verkefnum tölvuþjónustunnar.

Eins og fyrri ár þá kemur hugbúnaður skólans að mestu frá Microsoft þ.e.a.s. Office-pakkinn, bókhaldskerfin frá Wise og Advania, og önnur forrit frá minni byrgjum eins og Adobe, Echo, Camtasia.

Prentþjónusta er keypt af Origo og hefur reynst vel. Þjónustusamningur við þá var endurnýjaður vegna breytinga á magni útprentunar samfara fækkun nemenda í staðnámi. Þá stendur fyrir dyrum að gera nýjan prentsamning við Origo, vegna endurnýjunar á prenturum, auk flutnings á prentstjórnun í Azure skýið. Mun þessi breyting gera prentþjón á staðnum óþarfan. Jafnframt verður til samtenging við prentarana á Bifröst og prentara á nýrri starfsstöð Háskólans á Bifröst í Borgartúni 18. er að þessum breytingum á prentumhverfinu verði lokið fyrir byrjun haustannar 2022.

Samið hefur verið um kaup á nýju aðgangsstýrikerfi fyrir aðgengi að skólahúsnæðinu. Settar verða upp nýjar öryggismyndavélar sem vinna með þessu nýja kerfi og auðkenning verður í gegnum snjallsíma og eða PIN númer. Þjónustan verður hýst á staðnum, á netþjóni Bifrastar. Áætlað er að uppsetningu á þessu kerfi verði lokið fyrir byrjun haustannar 2022.

Eins og getið var um í síðustu ársskýrslu, þá var þráðlausa netið þétt og stækkað innan skólabygginga, meðal annars vegna sölu fasteigna og breytinga á nýtingu skólahúsnæðisins. Það verkefni gekk vel en uppsetningu á 1 GB skápum víðs vegar um skólann hefur seinkað m.a. vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Er stefnt að því að verkinu ljúki veturinn 2022-2023.

Enn var frestað að endurnýja aðalnetþjóna háskólans og að þessu sinni fram árið 2022. Ástæðan er m.a. sú að flutningur á þjónustum þjónustu yfir í Microsoft Azure skýið, þ.á.m. auðkenningar fyrir Uglu, Canvas, prentþjónustu og Office365 var þegar hafin og hefur gengið vonum frammar. Í framhaldi af því, verður athugað með að færa fleiri þjónustur í skýið, s.s. auðkenningar fyrir þráðlausa Eduroam net háskólans. Þá hefur nú þegar verið slökkt á póstþjónum, auðkenniþjónum, skráarþjónum og MySchool-þjóni á staðnum.

Þess má svo geta að endurnýja þurfti rafhlöður í varaafstöð skólans sem staðsett er í tækjarýminu. Var jafnframt unnt að fækka rafhlöðum um fjórðung samfara minnkandi vægis netþjónanna á staðnum.

Alþjóðasvið

Alþjóðasvið snýr að virkni Háskólans á Bifröst á alþjóðvettvangi. Á vorönn komu á Bifröst 14 skiptinemar frá erlendum samstarfsháskólum. Á haustönn voru skiptinemarnir síðan 21 talsins og fjöldi erlendra skiptinema var því 35 árið 2021. Alþjóðastarfsemin var þó annað árið í röð með nokkuð öðru sniði en til stóð út af COVID-19 heimsfaraldrinum. Varð að fella niður sumarnámskeið sem að var stefnt, svo dæmi séu tekin. Þrír akademískir starfsmenn komust þó í kennaraskipti á vegum Erasmus+ þrátt fyrir áskoranir heimsfaraldursins og tekið var á móti sjö starfsmönnum í kennaraskiptum á vegum Erasmus menntaáætlunarinnar á Bifröst.

Háskólinn á Bifröst er með allmarga virka samstarfssamninga við erlenda háskóla, þar af eru flestir Erasmus-tengdir skólar. Rætt hefur verið um hvernig auka megi kynningarstarf meðal nemenda til þess að hvetja þá til að nýta sér þann möguleika að stunda hluta námsins við erlendan háskóla og var skoðað hvort hægt væri að bjóða upp á styttri námsferðir. Myndi það henta nemendum í fjarnámi afar vel en þeir eru flestir í vinnu með námi. Sú vinna stendur enn yfir, m.a. með hliðsjón af inngöngu Háskólans á Bifröst í evrópsk samtök fjarkennsluháskóla, EADTU. Alþjóðfulltrúi háskólans leiddi það umsóknarferli. Lykilstarfsmenn háskólans sóttu jafnframt árlega ráðstefnu samtakanna í Bari á Ítalíu, þar sem fjallað var um nýjustu stefnur og strauma í fjarkennslu, gæðamál og „micro credentials“ námsgráður eða örgráður á háskólastigi.

Alþjóðafulltrúi Háskólans á Bifröst er Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir.



Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Á starfsárinu 2021 – 2021 var Egill Örn Rafnsson formaður stjórnar nemendafélagsins og Gabríel Olav Wang Auðunsson varaformaður og fjármálastjóri. Bryndís Inga Reynis var ritari og markaðsstjóri og Kara Friðriksdóttir var hagsmunafulltrúi nemenda. Hlynur Finnbogason og Thelma Theodórsdóttir voru deildarfulltrúar út frá sínum námslínunum og Erla Björg Eyjólfssdóttir var jafnréttisfulltrúi.

Löngum hefur verið eftirsótt á meðal nemenda að gegna trúnaðarstörfum fyrir nemendafélagið. Það þykir fela í sér heilmikinn lærdóm, að fá tækifæri til að starfa innan stjórnáslu háskólans og kynnast starfsemi hans innan frá, ef svo má að orði komast. Nemendur öðlast innsýn í daglega starfsemi og hvernig nemendapjónusta háskólans leitast við að efla þá og styrkja í námi. Umfram allt sé lærdómurinn þó falinn í því að fá sterka rödd og vettvang til að standa vörð um margvíslega hagsmuni nemenda. Síðast en ekki síst rýni nemendafélagið daglega starfsemi háskólans til gagns og veitir stjórnáslunni á þann hátt mikilvægt aðhald.



Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnuháskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans. Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti, að styðja við uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans og fulltrúaráð. Hollvinasamtökin eru með heimasíðu þar sem helstu upplýsingar er að finna. Einnig halda samtökin úti Facebook-síðu þar sem sjá má fréttir frá Bifröst, fréttir af Bifrestingum og svo er hægt að senda inn fyrirspurnir og gefa góð ráð.

Í ár gáfu Hollvinasamtökin út bók sem tileinkuð var 100 ára minningu Guðmundar Sveinssonar fyrrum skólastjóra Samvinnuskólans á Bifröst. Í bókinni er m.a. að finna skólaslitaræður Guðmundar og umfjöllun um upphaf skólastarfsins á Bifröst en bókin var gefin út í samvinnu við fyrrum nemendur. Útgáfunefnd skipuðu þeir Hrafn Magnússon, Reynir Ingibjartsson og Þórir Páll Guðjónsson.

Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins var viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu. Fjáröflun ræður hverju sinni hvað skuli framkvæma næst, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur. Í ár sendi Hollvinasjóðurinn út valkvæða gíróseðla á félagi í Hollvinasamtökunum. Hálf milljón safnaðist og verða þeir fjármunir nýttir til viðhalds bygginga á Bifröst.

Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalfulltrúar:

Bergþór Guðmundsson formaður
Margrét Vagnsdóttir ritari
Viðar Þorsteinsson gjaldkeri

Það er trú samtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

Í stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar sátu eftirtaldir á árinu 2020:

Aðalfulltrúar:

Gissur Pétursson formaður
Anna Ólöf Kristjánsdóttir
Hallur Jónasson


Varafulltrúar:

Þórdís Sif Sigurðardóttir
Þórir Páll Jónsson

Ársreikningur 2021

Allar tölur í milljónum króna

Rekstrarreikningur	2021	2020	2019	2018
Rekstrartekjur	1315.1	1088.6	936.1	844.0
Rekstrargjöld	1090.2	947.3	876.0	788.2
Rekstrarhagnaður	224.9	141.3	60.1	55.8
Afskriftir	10.9	21.9	19.1	23.3
Fjármagnsliðir	22.3	22.9	23.9	29.1
Hagnaður ársins	191.7	96.5	17.1	3.4
Eignir				
Fastafjármunir	255.5	266.0	279.0	296.3
Veltufjármunir	204.2	144.8	70.1	54.8
Eignir samtals	459.7	410.8	349.1	351.1
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	138.2	(53.6)	(150.0)	(167.1)
Langtímaskuldir	167.4	257.4	270.1	276.8
Skammtímaskuldir	154.1	207.0	229.0	241.4
Eigið fé og skuldir samtals	459.7	410.8	349.1	351.1




HÁSKÓLINN Á BIFRÖST - STEFNUMIÐ 2030

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST ER Í FARARBRODDI Í FJARNÁMI MEÐ SVEIGJANLEGRÍ NÁLGUN.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST LEGGUR ÁHERSLU Á EINSTAKLINGSBUNDNA NÁLGUN Í KENNSLU ÞAR SEM JAFNVÆGI MILLI FRÆÐA & FRAMKVÆMDA ER HUNGAMIÐJAN.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST ER SKULDBUNDINN TIL VÍSINDALEGS SJÁLFTAÐIS OG TIL AÐ STUNDA SAMFÉLAGSLEGAR RANNSÓKNIR.





Háskólinn á Bifröst
311 Borgarnes
Iceland